

Alþingi
Erindi nr. P 140/1588
komudagur 21.3.2012

From: Ásdís Höskuldsdóttir [<mailto:asdis@kvikmyndamidstod.is>]
Sent: 21. mars 2012 14:29
To: Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Subject: RE: Til umsagnar - 230. mál frá atvinnuveganefnd Alþingis

Sæl Sigrún,

Engar athugasemdir eru gerðar við frumvarpið af hálfu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands.

Kveðja,
Ásdís Höskuldsdóttir
Framleiðslu- og fjármálastjóri / Head of Production and Finance



Nefndarsvið Alþingis
nefndarsvid@althingi.is
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1713
komudagur 13.4.2012

Reykjavík 12. apríl 2012
Tilv. 230. mál

Efni: Umsögn um þingskjal 236– 230. mál – Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi nr. 43/1999, með síðari breytingum.

Í framhaldi af tölvupósti nefndarsviðs Alþingis d. 21. mars 2012 þar sem óskað er eftir umsögn SÍK um þingskjal 236 – 230. mál þá vill SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda koma eftirfarandi á framfæri:

SÍK fagnar því að til standi að hækka tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

Á Íslandi starfar nú þegar öflugur hópur fagfólks sem fær nær einróma lof innlendra og erlendra kvikmyndaframleiðenda fyrir fagleg og fumlauðs vinnubrögð við ólíklegustu aðstæður. Þessi fagþekking hefur byggst upp á undanförunum árum og er tilkomin vegna aukinnar framleiðslu á íslensku kvikmyndaefni á tímabili og fleiri erlendra verkefna sem unnin hafa verið á Íslandi.

Fagþekkingin sem orðin er til á Íslandi er fyllilega á pari við það besta sem þekktist í nágrannalöndum okkar. SÍK telur að með slíkri hækkun tímabundinnar endurgreiðslu muni kvikmyndaíðnaðurinn eflast enn frekar með tilheyrandi fjölgun starfa og aukinni veltu.

Með bestu kveðju,

f.h. hönd SÍK – Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda



Hilmar Sigurðsson
formaður SÍK
chairman@producers.is



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. apríl 2012

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999, með síðari breytingum, 230. mál.

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Markmið frumvarpsins er að auka endurgreiðslur sem hlutfall af framleiðslukostnaði sem til fellur við framleiðslu kvikmynda eða sjónvarpsefnis hér á landi úr 20% í 25%.

Samtökin taka undir með flutningsmönnum að á undanförunum árum hefur mikil þekking skapast í kvikmyndagerð hér á landi, m.a. vegna endurgreiðslukerfisins og aukinna framlaga til Kvikmyndasjóðs. Þá eru samtökin sátt við það fyrirkomulag sem var valið fyrir endurgreiðslukerfið, þ.e. að endurgreiða hlutfall framleiðslukostnaðar frekar en að leggja skattgögn til grundvallar. Ekki er dregið í efa að hækkun endurgreiðsluhlutfallsins myndi styrkja samkeppnisstöðu íslensks kvikmyndaðnaðar í að laða til landsins erlend verkefni.

Samkvæmt upplýsingum iðnaðarráðuneytisins hafa fjárveitingar undanfarin ár dugað fyrir endurgreiðslum að árinu 2011 frátöldu þegar nokkur aukning var í kvikmyndagerð. Framlög til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar voru hækkuð verulega í fjárlögum 2012 og nema nú 400 m.kr.

Samtök atvinnulífsins hafa talað mjög fyrir opinberum stuðningi til að efla nýjar atvinnugreinar með fjárhagslegri aðstoð til sprotafyrirtækja og nýsköpunar um samkeppnisjóði. Gott dæmi um slíkan stuðning er Tækniþróunarsjóður sem styður við fjölmennar greinar atvinnulífsins en hefur ekki notið aukinna fjárframlaga úr ríkissjóði á síðustu árum. Á meðan svo er þá eiga Samtök atvinnulífsins erfitt með að mæla með auknum opinberum stuðningi við aðrar greinar eins og kvikmyndagerð.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins